

Samþykktir 36. aðalfundar
Landssambands smábátæigenda
15. október, 11. og 18. desember 2020

Efnisyfirlit

<i>Strandveiðar</i>	2
<i>Línuúvilnun</i>	2
<i>Grásleppuveiðar</i>	2
<i>Dragnót</i>	3
<i>Handfæri</i>	4
<i>Net</i>	4
<i>Flotvarpa</i>	4
<i>Makrílveiðar</i>	4
<i>Sæbjúgnaveiðar</i>	4
<i>Hvalveiðar</i>	4
<i>Humarveiðar</i>	5
<i>Lúðuveiðar</i>	5
<i>Reglur um mönnun</i>	5
<i>Bryggjuskattur</i>	5
<i>Grásleppa – stjórnun veiða 2020</i>	5
<i>Meðafli við grásleppuveiðar</i>	6
<i>Frumvarp um atvinnu- og byggðakvóta í samráðsgátt</i>	6
<i>Byggðakvóti</i>	6
<i>Lokun veiðisvæða, takmarkanir og ágangur stærri skipa</i>	6
<i>Hafrannsóknastofnun</i>	7
<i>Umhverfismál</i>	7
<i>Stjórn fiskveiða</i>	8
<i>Afladagbókarapp og fjarskipti</i>	8
<i>Sjómannaaflsláttur</i>	8
<i>Stjórn LS 2020 - 2021</i>	9
<i>Félagslegir skoðunarmenn</i>	9

Strandveiðar

Aðalfundur LS krefst þess að öllum sem stunda strandveiðar verði tryggðir 12 dagar þá mánuði sem veiðarnar eru heimilaðar. Heildarfjöldi veiðidaga á strandveiðum 2021 verði 48.

Aðalfundur LS krefst þess að við vinnu að bættri veiðistjórn til strandveiða verði horft til fiskgengdar á grunnslóð á hverju veiðisvæði. Á svæðum C og D verði stefnt að því að veiðitímabil verði 6 mánuðir [apríl - september] þar sem heimilað verði val í þá 4 mánuði sem viðkomandi ákveður að nýta sér til veiða.

Leyfi til strandveiða verði í 48 daga, jafnskipt á 4 mánuði.

Aðalfundur LS hvarmar þá ákvörðun sjávarútvegsráðherra að heimila ekki strandveiðar til loka ágúst sl. Jafnframt lýsir fundurinn miklum vonbrigðum yfir því tómlæti sem sjávarútvegsráðherra ber til þeirrar nýbreytni í stjórn fiskveiða sem strandveiðar hafa borið með sér.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega ætlun sjávarútvegsráðherra sem fram kemur í frumvarpi um atvinnu- og byggðakvóta, sem birt var í samráðsgátt, að skerða veiðiheimildir til strandveiða. Jafnframt fyrirhuguðum breytingum sem þar eru lagðar til að öryggi sjómanna á strandveiðum sé virt að vettugi.

Línuívilnun

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að breyta ákvæði laga um línuívilnun þannig að hún gildi fyrir alla dagróðrabáta minni en 30 brúttótonn og styttri en 15 metrar. Verði 30% við landbeitingu, 20% við uppstokkun og 10% fyrir vélabáta.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega skerðingu á afla til línuívilnunar og hugmyndum sjávarútvegsráðherra að færa aflaheimildir þaðan til togskipa með byggðakvóta.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um kvótasetningu á grásleppu.

Aðalfundur LS leggur eindregið til að breytingar verði gerðar á skipulagi grásleppuveiða. Bátar eigi kost á að taka upp net án þess að dagafjöldi þeirra til veiða verði skertur.

Þar er einkum horft til þess þegar yfirvofandi er stórbræla eða mikið er af þorski á veiðislóð í brælutíð.

Aðalfundur LS leggur til að tekin verði upp meðaflaregla við grásleppuveiðar og komi þá til allt að 30% leyfilegur meðafli í þorskígildum talið í öðrum tegundum án þess að það komi til frádráttar aflaheimilda löndunaraðila, uppjör aflaheimilda verður í lok grásleppuvertíðar.

Aðalfundur LS samþykkir að markaðshorfur á grásleppuhrognum hafi ekki áhrif á ákvörðun um fjölda daga grásleppuvertíðar eða nýtingu á útgefinni ráðgjöf Hafró.

Aðalfundur LS samþykkir að verði stjórn grásleppuveiða áfram í sóknarmarki og veiðarnar verði stöðvaðar áður en tímabil vertíðar sé lokið, leiti LS allra leiða til að þeim sem virkjað hafa grásleppuleyfi verði greiddar bætur í formi aflaheimilda í öðrum tegundum.

Aðalfundur LS samþykkir að vísa til stjórnar:

Eftirfarandi breytingar verði gerðar á reglugerð um grásleppuveiðar

- A. Heimilt verði að stunda grásleppuveiðar frá og með 20. mars.
- B. Grásleppuleyfi hvers báts gildi að lágmarki í 25 veiðidaga
- C. Veiðidagur er sá dagur sem net hjá viðkomandi bát eru í sjó.
- D. Við ákvörðun um fjölgun veiðidaga skal ráðherra hafa samráð við Hafrannsóknastofnun og Landssamband smábátæigenda.
- E. Heimilt verði að sameina leyfi. Veiðidagar sem fluttir eru frá bát skulu að hámarki vera 12. Við sameiningu leyfa fjölgar veiðidögum um 12 þegar bátur sem lætur frá sér leyfi er stærri en bátur sem leyfið er flutt til. Við sameiningu leyfa þegar leyfi er flutt frá minni bát skulu fluttir dagar skerðast um 1 við hvert brúttótonn sem stærðarmismun nemur.
- F. Grásleppuleyfi verði bundið við veiðar á einu þeirra svæða og veiðitímabil sem tilgreind eru í 3. gr. reglugerðar um hrognkelsaveiðar nr. 236/2019.

Dragnót

Aðalfundur LS mótmælir öllum fyrirhuguðum og nýorðnum breytingum sem rýmka fyrir veiðum með dragnót. Sérstaklega á það við Faxaflóa, Skagafjörð, Eyjafjörð, Skjálfanda og við Reykjanes.

Jafnframt skorar LS á sjávarútvegsráðherra að draga til baka ákvörðun sína um afnám svæðisskiptinga fyrir dragnótaveiðar. Með henni er ekki vitað hvaða hagsmunum ráðherra var að þjónka þar sem Samtök dragnótaveiðimanna lögðust gegn henni.

Handfæri

Það er eindregin skoðun aðalfundar LS að handfæraveiðar smábáta eigi að vera frjálsar.

Aðalfundur LS mótmælir harðlega lokunum veiðisvæða fyrir handfærum. Fundurinn leggur þess í stað til að beitt verði sektum eða veiðileyfissviptingu á þá aðila sem ítrekað veiða óhóflegt magn af smáfiski.

Aðalfundur LS leggur til að tekin verði upp handfæraívilnun á báta minni en 30 brt.

Aðalfundur LS krefst þess að handfæraveiðar verði undanþegnar hrygningarstoppi.

Net

Aðalfundur LS hafnar því að þorsknetaveiðar verði leyfðar á krókaflamarksbátum.

Flotvarpa

Aðalfundur LS krefst þess að flotvörpuveiðar við loðnuveiðar verði tafarlaust bannaðar.

Makrílveiðar

Aðalfundur LS krefst frjálsra handfæraveiða smábáta á makríl.

Sæbjúgnaveiðar

Aðalfundur LS lýsir yfir þungum áhyggjum af þróun sæbjúgnaveiða og vill að áhrif veiða á sæbjúgum á botndýr, botn og búsvæði fiska verði rannsakaðir hið fyrsta, telur fundurinn að áhrif veiðanna séu geysileg þar sem sífellt stærri og öflugri skip eru notuð til veiðanna.

Aðalfundur LS hvetur til þess að sæbjúgnaveiðar verði aðeins heimilar bátum undir 30 brt og aðeins verði heimilt að nota einn plóg við veiðarnar.

Hvalveiðar

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að styðja við áframhaldandi ábyrgar veiðar á hvöllum.

Humarveiðar

Aðalfundur LS vill kanna möguleika þess að heimila humarveiðar í gildrur. Humarveiðar í gildrur lágmarka áhrif á lífríki hafsins og auka nýtingu auðlindarinnar til muna.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að huga alvarlega að skaðsemi trollveiða á humri á lífríki sjávar. Út frá rannsóknum á skaðsemi trollveiða að ekki er lengur hægt að bjóða náttúrunni upp á slíkar veiðar.

Lúðuveiðar

Aðalfundur LS leggur til að leyfð verði löndun á hvítlúðu sem meðafla, enda sé ekki um beina sókn að ræða (mikil aukning á lúðu sem meðafla).

Reglur um mönnun

Aðalfundur LS mótmælir harðlega túlkun Samgöngustofu á nýjum mönnunarreglum báta undir 15 m, telur fundurinn nýjar reglur vera reiðarslag fyrir smábátaútgerð og vera náðarhöggið fyrir einmenningssjósókn.

Fundurinn telur stjórnvöld/Samgöngustofu fara offari í túlkun laganna, fundurinn skorar á Samgöngustofu að færa mönnunarkröfur smábáta í fyrra horf meðan málið er betur unnið

Bryggjuskattur

Aðalfundur LS krefst þess að gjald sem lagt er á veiðileyfi strandveiðibáta - kr. 50 þúsund - verði fellt niður.

Gjaldið felur í sér mismunun við veiðileyfi annarra útgerðarflokka og er því ólöglegt að mati LS.

Grásleppa – stjórnun veiða 2020

Aðalfundur LS fordæmir þau vinnubrögð sem sjávarútvegsráðherra hafði við framkvæmd grásleppuveiða á þessu ári. Með þeim var grásleppuútgerðum freklega mismunað og skemmdarverk unnið á stjórnkerfi þessara veiða.

Meðafli við grásleppuveiðar

Aðalfundur LS mótmælir harðlega þeirri aðferðafræði sem viðhöfð hefur verið við útreikninga á heildarfjölda fugla og sela sem meðafla í grásleppunet út frá veiðieftirlisferðum Fiskistofu.

Aðalfundur LS óskar eftir að svæðistakmörkun á grásleppuveiðum í Faxaflóa verði tekin til endurskoðunar.

Frumvarp um atvinnu- og byggðakvóta í samráðsgátt

Aðalfundur LS mótmælir þeim hugmyndum harðlega sem kynntar eru í nýju frumvarpi um atvinnu- og byggðakvóta um að festa strandveiðar inn í „heildarpotti“ sem tekur mið af aflamarkskerfinu. Með því er verið að þvinga sóknarmarksfyrirkomulag strandveiðanna inn í aflamarkskerfið.

Aðalfundur LS hafnar því að ónýtt línuívilnun komi til viðbótar við byggðakvóta. Verði heimildir aflögu fari þær til línuívilnunar og komi til viðbótar næsta ár á eftir. Prósentu línuívilnunar verð aukin til þess að fullnýta heimildirnar.

Byggðakvóti

Aðalfundur LS leggur til að heimildir til byggðakvóta verði notaðar við atvinnufiskveiðar og úthlutað til sveitarfélaga samkvæmt reglum sem mótaðar hafa verið. Rétt til nýtingar byggðakvóta hafa dagróðrabátar minni en 30 brt sem skráðir eru í viðkomandi byggðarlagi ásamt útgerð þeirra og eru gerðir þaðan út, enda hafi viðkomandi uppfyllt framangreint á næstliðnu fiskveiðiári.

Byggðakvóti verði ívilnun á aflaheimildir við löndun með sama hætti og um línuívilnun. Auk þess verði allt að 10 tonn eyrnamerkt til útgerða þar sem eigandi hefur átt heimilisfesti í byggðarlaginu síðastliðin 3 ár.

Þar sem ekki er fiskvinnsla eða vinnsla sem neitar að taka við aflanum skal hann boðinn upp á fiskmarkaði. Fiskvinnsla í viðkomandi byggðarlagi hefur forkaupsrétt að afla þeirra báta sem njóta byggðaívilnunar. Greiðslufyrirkomulag og greiðslutrygging skal vera með sama hætti og hjá aðilum sem kaupa af fiskmörkuðum.

Lokun veiðisvæða, takmarkanir og ágangur stærri skipa

Aðalfundur LS lýsir yfir verulegum áhyggjum vegna síaukins þrýstings til veiða stærri skipa á grunnslóð, veiðislóð smábáta.

Aðalfundur LS styður beiðni FSA um að ný mörk „skápsins“ verði við Ósafles 65°37,4 - 13°54,8 og þaðan til NNA í stað 65°45,00 – 13°48,0 síðan réttvísandi til austurs að 12

mílna mörkum. Breytingin gerir ráð fyrir að skipum styttri en 42 metrar og með aflvísi lægri en 2500 verði óheimilar veiðar innan 12 sjómílna í stað 6 sjómílna.

Það er með öllu óskiljanlegt að togveiðar skulu vera heimilar svo nærri landi á viðkvæmum svæðum, svo viðkvæmum að í yfirgripsmikilli skýrslu starfhóps um endurskoðun á veiðarfærum – veiði- og verndarsvæðum, er talin þörf á að vernda nærliggjandi svæði fyrir handfæraveiðum um ókomin ár.

Aðalfundur LS styður kröfu FSA um að reglugerðarhólf í Lónsdýpi og á Stokksnesgrunni sbr. 8. gr. reglugerðar 961/2019 (keiluhólf) verði tafarlaust opnuð. enda engin rök lengur sem réttlæta lokun.

Lokunin var sett á vegna friðunar á keilu sem ekki er lengur á tegundalista skipa og því ekki ástæða til að banna línuveiðar þar lengur.

Aðalfundur LS styður kröfu Snæfells að línan í Selsker á Breiðafirði haldist óbreytt eins og hún hefur verið í áraraðir.

Aðalfundur LS styður kröfu Fonts um að endurskoðað verði lokanir á grunnslóð í Þistilfirði fyrir handfærum (Heiðargrunni) þar sem félagið telur að lokanir séu byggðar á röngum forsendum.

Hafrannsóknastofnun

Aðalfundur LS bendir á þá staðreynd að fyrir daga kvótakerfisins voru hástemmdar yfirlýsingar Hafrannsóknastofnunar um 450-500 þúsund tonna afla í þorski, yrði tillögum hennar hlýtt. Nú, 35 árum síðar, hefur margsinnis sýnt sig að tilraunastarfsemi Hafró hefur mistekist með öllu. Því ber brýna nauðsyn að vinnubrögð og stefna stofnunarinnar sé tekin til gagnerrar endurskoðunar af hlutlausum aðilum þar sem jafnt ráðgjöf og rannsóknaraðferðir eru undir.

Aðalfundur LS skorar á stjórnvöld að auka rannsóknir á lífríki Breiðafjarðar, sérstaklega ef auka eigi nýtingu þara úr firðinum, og hvaða áhrif hún hafi á lífríki fjarðarins og viðgang fiskiseiða.

Umhverfismál

Aðalfundur LS vekur athygli þeirra sem ábyrgð bera, að síðustu þrjá áratugi hefur tilraunaeldi í sjókvíum og kræklingarækt verið stundað í Eyjafirði og Skjálfanda. Öll þessi starfsemi hefur nú verið lögð af. Þrátt fyrir leyfisskyldu og starfað hafi verið undir eftirliti hins opinbera er viðskilnaðurinn engu líkur. Rusl skilið eftir í sjónum, svo sem belgir, tóg, keðjur og festingar við sjávarbotn. Tjón á bátum og endalaust

veiðarfæratjón. Þetta er flestum ókunnugt, nema smábátasjómönnum og þeim sem þessa iðju stunduðu.

Aðalfundur LS gerir kröfu til stjórnvalda að svæðið verði hreinsað tafarlaust.

Aðalfundur LS tekur undir samþykkt Snæfells að hafna hugmyndum Breiðafjarðarnefndar um að gera Breiðafjörð að þjóðgarði í sjó.

Aðalfundur LS skorar á umhverfisráðherra að beita sér fyrir því að gert verði umhverfismat á áhrifum veiðarfæra sem heimilt er nota á Íslandsmiðum á sjávarbotn og lífríki sjávar.

Stjórn fiskveiða

Aðalfundur LS hvetur sjávarútvegsráðherra að beita sér fyrir breytingu á lögum um stjórn fiskveiða þannig að heimilt verði tímabundið að veita undanþágu frá veiðiskyldu þeirra aðila sem lenda í alvarlegum veikindum eða óhöppum.

Aðalfundur LS hafnar öllum hugmyndum um sameiningu aflamarks- og krókaaflamarks.

Aðalfundur LS krefst þess að lokað verði fyrir þann möguleika að færa aflaheimildir úr krókaaflamarkskerfinu í aflamarkskerfið.

Aðalfundur LS krefst þess að tímabil VS afla verði samfelt.

Aðalfundur LS hvetur útgerðarmenn smábáta að kalla til starfsmann Fiskistofu þegar vafi leikur á að um ónýtan afla er að ræða.

Aðalfundur LS óskar eftir að veiðiskylda á krókamakríl verði aflétt.

Afladagbókarapp og fjarskipti

Aðalfundur krefst þess að útfylling afladagbókar á dagróðrabáta verði afnumin.

Aðalfundur LS krefst þess að GSM samband verði þegar bætt. Hér er um öryggismál að ræða.

Sjómannaaflsláttur

Aðalfundur LS hvetur til að sjómannaafsláttur verði endurvakinn.

Stjórn LS 2020 - 2021

Arthur Bogason	formaður	Reykjavík
Andri Viðar Víglundsson	varaformaður	Ólafsfirði
Einar Helgason		Patreksfirði
Eyþór Reynisson		Grindavík
Finnur Sveinbjörnsson		Reykjavík
Guðbrandur Magnússon		Garðabæ
Guðlaugur Birgisson		Djúpavogi
Guðni Már Lýðsson		Skagaströnd
Halldór R. Stefánsson		Þórshöfn
Jóhannes Simonsen		Akranesi
Magnús Jónsson		Kópavogi
Már Ólafsson		Hólmavík
Ragnar Þór Jóhannsson		Vestmannaeyjum
Runólfur J. Kristjánsson		Grundarfirði
Stefán Hauksson		Þorlákshöfn
Þórður Sigurvinsson		Suðureyri

Félagslegir skoðunarmenn

Kári Borgar Ásgrímsson	Borgarfirði eystri
Runólfur J. Kristjánsson	Grundarfirði